

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

197. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn **1. júní 2011 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Erindi Benedikts Haraldssonar f.h. Fjarska ehf.
2. Erindi Róberts J. Jack.

Tekið á dagskrá:

3. Erindi Báru Garðarsdóttur.
4. Erindi Kjartans Sveinssonar f.h. Selasiglingar ehf.
5. Erindi Birgis Ásgeirssonar f.h. Litlu-Borgar ehf.

Afgreiðslur:

1. Benedikt Haraldsson f.h. Fjarska ehf. kt. 561000-3520 sækir um leyfi til að leggja nýjan ljósleiðara frá tækjahúsi Mílu, Stað í Hrútafirði að tengivirki Landsnets Hrútatungu sbr. meðfylgjandi loftmynd. Ráðið samþykkir erindið fyrir sitt leyti.
2. Róbert J. Jack. sækir um leyfi til að setja upp auglýsingaskilti við heimreiðina að jörð sinni Geitafelli á Vatnsnesi sbr. meðfylgjandi gögn. Ráðið samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

Tekið á dagskrá:

3. Bára Garðarsdóttir kt. 120549-7319 sækir um byggingarleyfi fyrir hesthúsi á lóð nr.3 við Garðarströð, jafnframt er sótt um að rífa núverandi byggingar á lóðinni. Teikningar A01, A02 og A03 dags. 29.05.2011 af nýju hesthúsi eru gerðar af Hauki Árnasyni byggingartæknifræðingi. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn. Slökkviliðsstjóri bendir á að gera þurfi grein fyrir brunamótstöðu veggja og hurða.
4. Kjartan Sveinsson f.h. Selasiglingar ehf. kt.480310-1280 sækir um leyfi fyrir auglýsingaskiltum sem staðsett verði beggja vegna þéttbýlisins á Hvammstanga sbr. meðfylgjandi gögn. Ráðið samþykkir tímabundið leyfi frá 1. júní 2011 til 1. október 2011. Anna María Elíasdóttir vék af fundi við afgreiðslu málsins.
5. Birgir Ásgeirsson f.h. Litlu-Borgar ehf. kt.540906-0250 óskar samþykkis á breytingum á deiliskipulagi frístundabyggðar á jörðinni Litlu-Borg í Vesturhópi. Ráðið mælir með að deiliskipulagstillagan verði auglýst og kynnt.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:15

Víglundur Gunnþórsson (sign),
Guðjón Þórarinn Loftsson (sign),
Anna María Elíasdóttir (sign),
Unnsteinn Ó. Andrésson (sign),
Erla B. Kristinsdóttir (sign),
Ólafur H. Stefánsson forstöðumaður tæknideildar (sign),
Benjamín Kristinsson byggingarfulltrúi (sign),
Pétur Arnarsson slökkviliðsstjóri (sign),